




■ Af námskeiði Samtaka áhugamanna um kvikmyndagerð sem haldið var í vetur en þau sömu samtök standa að frumsýningu 10 nýrra kvikmynda sinna félagsmanna á Hótel Loftleidum um helgina.

Kvikmyndahátíð SÁK '84:

FRUMSÝNING Á 10 ÍS-LENSKUM KVIKMYNDUM

■ „Þarna verða um 10 nýjar íslenskar kvikmyndir, bæði af 8 millimetra spólum og myndböndum. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Við reiknum með að sýningin á laugardaginn taki svona um tvo klukkutíma en svo verða verðlaunamyndirnar sýndar aftur á sunnudag.“ sagði Sveinn Andri Sveinsson um 6. kvikmyndahátíð Samtaka áhugamanna um kvikmyndagerð sem haldin verður að Hótel Loftleidum um helgina. Hátíðin hefst klukkan tvö á laugardag og verða þá sýndar allar þær myndir sem

hafa borist og verður þeim skipt í tvo flokka, myndir þeirra sem komnir eru yfir tvítugt og þeirra sem eru undir tvítugu. Veitt verða verðlaun fyrir bestu myndirnar í hvorum flokki en auk þess verða þær sendar á Norræna kvikmyndahátíð áhugamanna sem haldin verður í Osló í sumar.

Verðlaunaaðferðin fer fram á sunnudag og hefst klukkan tvö eftir hádegi en strax að lokinni hátíðinni hefst aðalfundur samtakanna.

—b.

„Konur í nýju landnámi“

— tveggja daga Vorvaka Kvenfélagasambandsins í Gerðubergi

■ „Konur í nýju landnámi“ er tema tveggja daga Vorvöku sem Kvenfélagasamband Íslands gengst fyrir í Gerðubergi í Breiðholti um helgina. Á dagskrá verður erindaflutningur um þetta tema, heimsókn á Kjarvalsstaði, menningardagskrá og leikhúsfærð. Formenn hinna 250 aðildarféлага Kvenfélagasambandsins eða fulltrúar þeirra eru þátttakendur í vökunni og er fullbókað á hana. Tilgangur hennar er að kynna starfsemi K.Í. og efla innbyrðis tengsl

milli félaganna, samhliða því að fjalla um daglegan starfsvettvang kvenna og þátt þeirra í listum.

Vorvakan hefst með erindaflutningi þar sem 20 konur eru starfandi í; stjórnsýslu, vísindum, menntun, atvinnuvegunum og listum munu segja frá störfum sínum. Síðdegis verður farið á Bessa-staði í boði forseta Íslands. Á sunnudaginn verður heimsókn á Kjarvalsstaði, og síðdegis sama dag sérstök menningardagskrá í Gerðubergi.

—HEI


Ragnhildur Stefánsdóttir sýnir á Kjarvalsstöðum:

Hugleiðingar um lífið og dauðann

■ Ragnhildur Stefánsdóttir myndhöggvari opnar sýningu á verkum sínum að Kjarvalsstöðum laugardaginn 7. apríl, kl. 15.00. Ragnhildur hefur unnið verk sín, lágmyndir og höggmyndir í Listasmíðju Glits, sem hún hefur haft til afnota í vetur. Ragnhildur hefur einnig notið heiðurslauna frá Brunabótafélagi Íslands.

Að sögn Ragnhildar eru verk hennar hugleiðingar um líf og dauða, hvernig maðurinn lifir lífinu og hvað verður um hann þegar hann deyr. Ragnhildur fjallar um frelsisleit mannsins, fer inn í líkamann og skoðar sálina. Líkaminn er búr, en sálin er oft táknúð sem fuglar eða slöngur sem bundnar eru í líkamanum.

Ragnhildur stundaði nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands, og einnig í Ameríku. Hún hefur áður sýnt verk á tveimur samsýningum.



■ Ragnhildur við eitt verka sinna í Listasmíðju Glits.

Borealis

— norræn samsýning opnuð á Kjarvalsstöðum

■ Á laugardaginn kemur, 7. apríl, verða opnaðar þrjár listsýningar á Kjarvalsstöðum.

Baltasar sýnir málverk í vestursal, Ragnhildur Stefánsdóttir sýnir skulptúr í vestur-forsal og Borealis, norræn listsýning, verður sett upp í austursal og austurforsölum.

Sýningin Borealis, norræn myndir 1983, er sett upp á vegum Norrænu listamiðstöðvarinnar í Sveaborg í samvinnu við stjórn Kjarvalsstaða. Sextán listamenn eiga þar verk, þrír frá hverju Norðurlandanna og einn frá Færeyjum. Íslensku listamennirnir eru Ásgerður Búadóttir, Gunnar Örn og Magnús

Tómasson. Á sýningunni eru málverk, teikningar, vefnaður, skulptúr og myndverk af ýmsu tagi. Þetta er fyrsta stóra farandsýningin á norrænni nútímalist sem efnt er til síðan sýning norræna myndlistarbandalagsins, „Augliti til auglitis“ var sýnd á Norðurlöndunum 1976-1977. Sænski myndlistarmaðurinn Tage Martin Höpfling valdi verkin á sýninguna í samvinnu við þjóðardeildir norræna myndlistarbandalagsins. Sýningin hefur verið sýnd í Finnlandi, Danmörku og Noregi og vakið mikla athygli, ekki síst verk íslensku listamannanna.

Sýningin verður opnuð kl. 14.00 á laugardag, og verður síðan opin daglega kl. 14.00-22.00 til 23. apríl.

GLUGGAR OG HURÐIR

Vönduð vinna á hagstæðu verði.
Leitið tilboða.

ÚTIHURÐIR

Dalshrauni 9. Hf.

S. 54595.

JOKER skrifborðin
eftirsóttu eru komin aftur
Tilvalin fermingargjöf



Verð með yfirhillu
kr. 3.850.-

Eigum einnig vandaða
skrifborðsstóla á hjólum
Verð kr. 1.590.-



Húsgögn og
innréttingar

Suðurlandsbraut 18
Sími 86-900

Kvikmyndir



Sími 78900

SALUR 1



Frumstýnir grímmyndina

Palli leiftur

(ChuChu and Philly Flash)

Philly Flash og ChuChu sem eru hinir mestu furdufuglar fara á kostum í þessari mynd. Þau reyna að ganga upp stíga velgengni en ganga óvart í staðinn undir hann. Margt er brallað, og þau eru hund-eitt af lögreglu og þjófum.

Aðalhlutverk: Alan Arkin, Carol Burnett, Jack Warden, Danny Aiello.

Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11

SALUR 2


Stórmyndin
Marapón maðurinn
(Marathon Man)



Þegar svo margir frábærir kvikmyndagerðarmenn og leikarar leidda saman hesta sína í einni mynd getur útkoman ekki orðið önnur en stórkostleg. Marathon man hefur farið sigurför um allan heim, enda með betri myndum sem gerðar hafa verið. Aðalhlutverk: Dustin Hoffman, Laurence Olivier, Roy Scheider, Marthe Keller. Framleiðandi: Robert Evans (Godfather) Leikstjóri: John Schlesinger (Midnight Cowboy) Bönnuð börnum innan 14 ára

Sýnd kl. 5, 7, 30 og 10.

SALUR 3



Fyrst kom hin geysivinsæla Porkys sem allstaðar sló aðsóknarmet, og var talin grímmynd ársins 1982. Nú er það framhaldið Porkys II daginn eftir sem ekki er síður smellin, og kítar hláturtaugarnar. Aðalhlutverk: Dan Monahan, Wyatt Mark Herrier. Leikstjóri: Bob Clark.

Hækkað verð

Bönnuð börnum innan 12 ára

Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11

SALUR 4

Goldfinger

Enginn jafnast á við James Bond 007, sem er kominn aftur í heimsókn. Hér á hann í höggi við hinni kolbrjálaða Goldfinger, sem sér ekkert nema gull. Myndin er framleidd af Broccoli og Saltzman. JAMES BOND ER HÉR Í TOPP FORM! Aðalhlutverk: Sean Connery, Gert Frobe, Honor Blackman, Shirley Eaton, Bernard Lee.

Sýnd kl. 5, 7 og 9

Ópökkarnir

New York býur fá aldrei að kenna á því þegar rafmagnið fer af. Aðalhlutverk: Jim Mitchum, Robert Carradine. Bönnuð börnum innan 16 ára

Sýnd kl. 11